

ÁRSSKÝRSLA

VINNUMÁLASTOFNUNAR

2024

Í þessari ársskýrslu

Ávarp forstjóra.....	3
Hlutverk okkar.....	4
Verkefnin okkar eru fjölbreytt.....	5
Við erum Vinnumálastofnun	7
Stefnumið VMST	8
Mannauðsstefna.....	8
Jafnréttisstefna	8
Loftlagsstefna	8
Jafnlaunastefna	8
Eineltisstefna	8
Upplýsinga- og kynningarstefna	8
Öryggisstefna.....	8
Starfsþróunar- og fræðlustefna.....	8
Þjónustustefna	8
Annáll 2024	9
Vinnumarkaðurinn	14
Umsóknir um atvinnuleysisbætur.....	18
Þjónusta	19
Þjónustusvið	20
Þjónustusvið.....	20
Mínus 12	20
Ráðningar- og nýsköpunarstyrkir	21
Fyrirtækjaráðgjöf – Ráðningarþjónusta	22
Frumkvæði	23
MAAS	23
New beginnings.....	24
EURES	24

Ráðgjafarsvið.....	25
Ráðgjafarþjónusta	25
Plús 12.....	25
Ráðgjöf og vinnumiðlun fyrir fólk með skerta starfsgetu ...	25
Vinnusamningar öryrkja.....	25
IPS	25
Færni á vinnumarkaði.....	26
Unndís	26
Fjölmenningsarvið.....	27
Umsækjendur um alþjóðlega vernd.....	27
Fjölmenningsardeild	28
Vinnumiðlun og virkni flóttafólks	30
Réttindasvið.....	31
Atvinnuleyfi.....	31
Útsendir starfsmenn og erlendir þjónustuveitendur.....	34
Eftirlit	35
Vettvangseftirlit	35
Greiðslustofa	36
Ábyrgðasjóður launa.....	36
Tímabundinn stuðningur til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavík.....	36
Fæðingarorlofssjóður	37
Þróunar- og tæknisvið	39
Verkefnastofa.....	39
Gæðamál	39
Upplýsingatækni.....	39
Greiningardeild.....	39

Fjármálasvið.....	40
Vinnumálastofnun	40
Atvinnuleysistryggingasjóður.....	42
Ábyrgðasjóður launa.....	43
Fæðingarorlofssjóður.....	43
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.....	43
Starfsendurhæfing.....	44
Vinnumál	44
Umsækjendur um alþjóðlega vernd.....	44
Sorgarleyfi	45
Greiðslur vegna heilbrigðis- og náttúruvár	45
Stjórnarhættir.....	46
Skipurit Vinnumálastofnunar árið 2024	47

Ávarp forstjóra

Árið 2024 var bæði skemmtilegt og annasamt hjá Vinnumálastofnun. Yfirskrift og áhersla í starfsemi stofnunarinnar var að þessu sinni: „Ráðgjöf og þjónusta fyrir atvinnuleitendur“. Í raun fanga þessi orð alla starfsemi stofnunarinnar en hér verður einungis stiklað á stóru og fjallað um þau verkefni sem voru efst á baugi á árinu.

Þjónusta og ráðgjöf við atvinnuleitendur – Áhersla á einstaklinginn.

Tvö ár eru síðan nýtt verklag í ráðgjöf var tekið upp en með því var þjónustunni tvískipt. Annars vegar til einstaklinga sem eru skemur en 12 mánuði í atvinnuleit og hins vegar til þeirra sem eru lengur en 12 mánuði og fá þeir síðarnefndu einstaklingsmiðaðri þjónustu.

Auk þess var og er mikil áhersla lögð á unga atvinnuleitendur sem eiga á hættu að verða langtíma-atvinnulausir og óvirkir í samfélaginu. Ný aðferðafræði, IPS (individual placement and support), hefur verið tekin upp fyrir þá sem standa fjærst vinnumarkaðnum. Á árinu 2024 fengu 246 manns IPS þjónustu, þar af útskrifuðust 124 úr úrræðinu, og 73% þeirra fóru í vinnu, nám eða starfsendurhæfingu að því loknu.

Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Árið 2022 var Vinnumálastofnun falin þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Á árunum 2022 og 2023 varð gríðarleg aukning í umsóknum, en á síðasta ári fækkaði umsækjendum verulega eða úr 2800 í byrjun ársins í 1400 í lok árs. Þessi þróun hefur haldið áfram og búsetuúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd hafa verið endurskoðuð með tilliti til þessarar fækkunar. Á þessu ári, þ.e. 2025 hefur verið haldið áfram á hagræðingarbraut með áherslu á gæði, öryggi og skilvirkni í þjónustu.

Stafræn Vinnumálastofnun – Allt á einum stað: island.is.

Á árinu 2024 hófst vinna við að færa vef Vinnumálastofnunar yfir á island.is. Markmiðið er að öll opinber þjónusta sé á einum stað til þæginda fyrir notendur. Vefurinn fór formlega í loftið í janúar 2025 og er í sífelldri þróun.

Árið 2024 hélt vinna við stafvæðingu Fæðingarorlofssjóðs áfram, og í lok árs 2024 var hlutfall rafrænna umsókna um fæðingarorlof í kringum 92%.

Jafnframt stendur yfir smíði á nýju tölvukerfi fyrir Ábyrgðasjóð launa og mun það verða opnað á miðju ári 2025.

Nýtt örorkulífeyriskerfi almannatrygginga.

Árið 2024 voru samþykkt lög um breytingu á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga. Meðal helstu breytinga er samþætt sérfræðimat sem metur getu umsækjenda til virkni á vinnumarkaði. Vinnumálastofnun mun veita atvinnuleitendum á hlutaörorkulífeyri einstaklingsmiðaða vinnu-miðlunar- og ráðgjafarþjónustu þegar lögin taka gildi þann 1. september 2025. Stofnunin mun jafnframt greiða þessum hópi virknistyrk á meðan á atvinnuleitinni stendur, sé þess óskað.



Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumálastofnunar

Unndís – Fjölgun hlutastarfa og inngilding.

Tilraunaverkefnið Unndís hófst haustið 2024 og er hluti af innleiðingu nýrra laga um örorkulífeyri. Verkefnið miðar að því að fjölga hlutastörfum fyrir einstaklinga með mismikla starfsgetu. Verkefnið styður við inngildingu á vinnustöðum og hefur það að markmiði að skapa fjölbreytt hlutastörf og stuðla að því að atvinnuleitendur með mismikla starfsgetu nái fótfestu á vinnumarkaði.

Færni á vinnumarkaði – Efling tækifæra fyrir fatlað fólk.

Tilraunaverkefnið „Færni á vinnumarkaði“ hófst haustið 2024 og byggir á tillögu um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk. Námið spannar heila önn og skiptist í fræðslu og starfsþjálfun. Fyrsta önnin gekk vonum framar og 80% þátttakenda fóru í starf að henni lokinni. Ljóst er að þetta úrræði er komið til að vera.

Lokaorð.


Hlutverk Vinnumálastofnunar er stórt á íslenskum vinnumarkaði. Störfin eru fjölbreytt og krefjandi en ávallt skemmtileg. Óhætt er að fullyrða að framtíðin er björt hjá stofnuninni.

Hlutverk okkar

Vinnumálastofnun heyrir undir félags- og húsnæðismálaráðuneytið og fer með yfirstjórn opinberrar vinnumiðlunar hér á landi auk umsýslu Atvinnuleysistryggingasjóðs, Fæðingarorlofssjóðs, Ábyrgðasjóðs launa og fjölmargra annarra vinnumarkaðstengdra verkefna.

Starfsemi Vinnumálastofnunar er skipt í fjögur megin svið:
Réttindasvið, Þjónustusvið, Ráðgjafarsvið og Fjölmenningsvið

Þvert á megin svið eru svo tvö stoð svið:
Fjármála- og rekstrarsvið og Þróunar- og tæknisvið



Verkefnin okkar eru fjölbreytt

Þjónustusvið

Framlínuráðgjöf

Framlínuráðgjöf veitir þjónustuþegum fyrstu stigs ráðgjöf hjá Vinnumálastofnun. Áhersla er lögð á að leysa erindi á sem skjótaskan og skilvirkastan máta. Þjónusta framlínuráðgjafar fer fram í gegnum netspjall, síma, með tölvupósti eða komu á þjónustuskrifstofu. Askur, snjallmenni Vinnumálastofnunar er hluti af framlínuráðgjöfinni.

Fyrirtækjaráðgjöf

Þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar starfrækja ráðningarþjónustu á landsvísu þar sem atvinnurekendur geta auglýst eftir starfsfólki á vef Vinnumálastofnunar. Auglýsingar ná til breiðs hóps og nýtur atvinnurekandi aðstoðar sérfræðinga við ráðningarferlið. Áhersla er lögð á að veita persónulega þjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins.

Starfstengd vinnumarkaðsúrræði

Fyrirtækjaráðgjöf Vinnumálastofnunar annast skipulag starfstengdra vinnumarkaðsúrræða sem standa fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum til boða við ráðningu einstaklinga af atvinnuleysis-skrá. Hægt er að sækja um styrki til alls að sex mánaða.

EURES Evrópsk vinnumiðlun

Vinnumálastofnun er aðili að EURES sem er samstarf opinberra vinnumiðlana á Evrópska efnahagssvæðinu. Hlutverk EURES er að stuðla að hreyfanleika vinnuafls milli ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. EURES aðstoðar bæði atvinnurekendur og atvinnuleitendur; leiðbeinir atvinnuleitendum um atvinnuleit og aðstoðar atvinnurekendur sem hafa áhuga á að ráða til sín fólk frá öðrum EES-löndum.

Alþjóðleg verkefni

Vinnumálastofnun tekur þátt í fjölmörgum alþjóðlegum samstarfsverkefnum með það að leiðarljósi að innleiða og aðlaga nýjungar í starfsemi stofnunarinnar. Alþjóðlegt samstarf styður við þekkingu og frumkvæði starfsfólks og veitir þeim með þátttöku tækifæri til starfsþróunar.

Atvinnumál kvenna

Styrkir til atvinnumála kvenna eru veittir af félags- og húsnæðismálaráðherra og eru þeir ætlaðir konum sem vinna að viðskiptahugmyndum og verkefnum af margvíslegu tagi. Styrkjum er úthlutað árlega.

Svanni - Lánatryggingasjóður kvenna

Svanni - lánatryggingasjóður kvenna veitir lánatryggingar til fyrirtækja í meirihlutaeigu kvenna og er sjóðurinn í eigu félags- og húsnæðismálaráðuneytis, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis og Reykjavíkurborgar.

Ráðgjafarsvið

Ráðgjafarþjónusta

Vinnumálastofnun sinnir ráðgjafarþjónustu við atvinnuleitendur óháð rétti þeirra til atvinnuleysisbóta. Einstaklingar í atvinnuleit geta fengið aðstoð og hagnýt ráð varðandi leit að starfi sér að kostnaðarlausu. Ýmis konar upplýsingagjöf er veitt varðandi náms- og starfsval og boðið er upp á áhugasviðsgreiningu, aðstoð við ferilskrárgerð og hagnýt ráð varðandi atvinnuleit. Þá sjá ráðgjafar um miðlun í störf.

Ráðgjöf og vinnumiðlun fyrir fólk með skerta starfsgetu

Vinnumálastofnun þjónustar einstaklinga með skerta starfsgetu en það er fjölbreyttur hópur með mismunandi þarfir. Þjónustan er tvískipt. Annars vegar er um að ræða sérhæfða ráðgjöf og stuðning við atvinnuleit og hins vegar þjónustu sem kallast Atvinna með stuðningi (AMS) sem felst í aðstoð við atvinnuleit, auk stuðnings og eftirfylgni á vinnustað. Vinnusamningar öryrkja eru endurgreiðslusamningar við atvinnurekendur sem ætlaðir eru til þess að auka tækifæri atvinnuleitenda með skerta starfsgetu á almennum vinnumarkaði.

Fjölmenningsvið

Fjölmenningsvið

Fjölmenningsvið þjónustar umsækjendur um alþjóðlega vernd og veitir samræmda þjónustu við móttöku þeirra. Á sviðinu er einnig starfrækt flóttamannateymi sem starfar í samráði við sveitarfélög og aðstoðar flóttafólk í atvinnuleit við að fóta sig á íslenskum vinnumarkaði. Flóttafólk með tilvísun frá sínu sveitarfélagi getur leitað til Vinnumálastofnunar og er þjónusta m.a. fólgin í íslenskukennslu, samfélagsfræðslu og aðstoð við atvinnuleit.

Þá veitir Fjölmenningsvið flóttafólki upplýsingar um fyrstu skrefin eftir veitingu dvalarleyfis og býður því að taka þátt í svokallaðri samræmdri móttöku flóttafólks. Það veitir líka móttökusveitarfélögum faglegar leiðbeiningar og ráðgjöf vegna móttöku flóttafólks.

Réttindasvið

Réttindasvið ber ábyrgð á að ákvarða um réttindi þjónustuþega Vinnumálastofnunar í samræmi við lög um atvinnuleysistryggingar, lög um Ábyrgðasjóð launa, lög um fæðingar- og foreldraorlof, lög um sorgarleyfi, lög um ættleiðingarstyrki og annast endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veittrar fjárhagsaðstoðar samkvæmt 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þá ber sviðið ábyrgð á skráningu starfsmannaleiga í samræmi við lög um starfsmannaleigur og annast framkvæmd laga um útsenda starfsmenn og erlenda þjónustuveitendur og úrvinnslu stjórnsýslumála sem tengjast þessum málaflokkum. Loks ber sviðið ábyrgð á eftirlitsáætlun Vinnumálastofnunar og eftirliti með þeim málaflokkum sem heyra undir sviðið.

Atvinnuleyfi og réttindi útlendinga

Vinnumálastofnun hefur umsjón og eftirlit með útgáfu atvinnuleyfa og skráningum starfsmannaleiga og erlendra þjónustuveitenda. Miðar umsýsla og eftirlit að því að fyrirtæki starfi í samræmi við lög og að starfsmenn njóti þeirra réttinda og kjara sem lög gera ráð fyrir.

Eftirlit

Vinnumálastofnun hefur eftirlit með greiðslum í þeim málaflokkum sem heyra undir stofnunina, s.s. greiðslum atvinnuleysistrygginga og fæðingarorlofs, til að tryggja eins og kostur er að aðeins þau sem uppfylla skilyrði viðkomandi laga fái greitt samkvæmt þeim.

Fæðingarorlofssjóður

Vinnumálastofnunsérúmreikningshald og daglega umsjón Fæðingarorlofssjóðs. Fæðingarorlofssjóður annast greiðslur til foreldra sem réttinda njóta til greiðslu í fæðingarorlofi en auk þess annast sjóðurinn greiðslu fæðingarstyrkja til foreldra sem eru utan vinnumarkaðar og/eða í námi. Þá hefur sjóðurinn umsjón með ættleiðingarstyrk og sorgarstyrk.

Greiðslustofa

Greiðslustofa Vinnumálastofnunar annast fjárvörslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga. Í því felstaðtakavið umsókn um atvinnuleysisbætur og afgreiða þær, greiða út mánaðarlega ásamt því að beita viðurlögum, annast eftirlit með greiðslu bóta og sjá um innheimtu ofgreiddra bóta.

Ábyrgðasjóður launa

Vinnumálastofnun annast skrifstofuhald fyrir Ábyrgðasjóð launa sem ábyrgist greiðslur á kröfum um vangoldin laun, bætur vegna slita á ráðningarsamningi, orlof, bætur vegna vinnuslysa og lífeyris-sjóðsgjöld í bú atvinnurekenda sem hafa aðsetur og reka starfsemi hér á landi.

Þróunar- og tæknisvið

Tölfræði, greining og rannsóknir á vinnumarkaðnum

Vinnumálastofnun safnar gögnum og skráir upplýsingar um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnu-horfur frá einstökum landshlutum. Einnig fylgist Vinnumálastofnun með samsetningu vinnuafls í landinu, kannar reglubundið mannaflaþörf og framtíðarhorfur í mismunandi atvinnugreinum og miðlar upplýsingum um atvinnuástandið í landinu.

Fjármála- og rekstrarsvið

Á árinu 2024 voru verkefni Vinnumálastofnunar flokkuð í tíu fjárlagaliði sem voru auk samstæðu-reksturs Vinnumálastofnunar; Atvinnuleysistryggingasjóður, Ábyrgðasjóður launa, Fæðingarorlofs-sjóður, Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, starfsendurhæfing, vinnumál og verndaðir vinnustaðir, umsækjendur um alþjóðlega vernd, sorgarleyfi og greiðslur vegna heilbrigðis- og náttúruvár.



Við erum Vinnumálastofnun



Aldur

22-69 ára
Meðalaldur 46 ára

Fjöldi starfsfólks

194



Kyn

60 karlar (30%)
134 konur (70%)



Þjóðerni

Bosnía og Herzegovina · Ísland · Ítalía · Jemen · Kanada · Kazakstan · Litháen · Marokkó
Pólland · Rúmenía · Spánn · Sýrland · Tékkland · Ungverjaland · Úkraína
Venezúela · Þýskaland

Stefnumið VMST

Mannauðsstefna

Markmið okkar er að fá til starfa, efla og viðhalda mannauði sem nauðsynlegur er til að stofnunin nái að uppfylla tilgang sinn og markmið. Við viljum skapa jákvætt starfsumhverfi og styðja við starfsfólk. Við viljum skapa eftirsóknarverðan vinnustað sem laðar að sérhæft og metnaðarfullt starfsfólk.

Jafnréttisstefna

Vinnumálastofnun vinnur að því að skapa öllu starfsfólki forsendur til að nýta og rækta styrkleika sína í þágu þjónustuþega. Mikilvægur liður í því er að útiloka mismunum á grundvelli kyns, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar eða þjóðernis.

Loftlagsstefna

Stefna Vinnumálastofnunar í loftslagsmálum fjallar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt leiðbeiningum verkefnisins Græn skref um loftslagsstefnu ríkisaðila. Stefnan tekur til úrgangs, samganga, innkaupa og orkunotkunar Vinnumálastofnunar og skal aðgengi að mælanlegum upplýsingum vera tryggt.

Jafnlaunastefna

Starfsfólk skal njóta jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar innan stofnunarinnar.

Eineltisstefna

Einelti og kynferðisleg áreitni verður undir engum kringumstæðum umborin á vinnustöðum stofnunarinnar. Meðvirkni starfsfólks í tengslum við einelti er jafnframt ekki liðin. Starfsfólk skal sýna samstarfsfólki sínu kurteisi og virðingu í samskiptum. Unnið er eftir viðbragðsáætlun í eineltismálum.

Upplýsinga- og kynningarstefna

Vinnumálastofnun leggur áherslu á aðgengi að upplýsingum um verkefni og málefni þau sem stofnunin fer með hverju sinni, og kynnir starfsemi sína með markvissum og sýnilegum hætti til viðskiptavina og almennings, auk starfsfólks og stjórnar.

Áhersla er lögð á að byggja upp góða ímynd og traust.

Öryggisstefna

Öryggisstefna Vinnumálastofnunar nær yfir starfsemina í heild sinni og er starfsfólk og samstarfsaðilum öllum skylt að lúta þeirri stefnu. Vinnumálastofnun rekur eigið upplýsingakerfi og er fyllsta trúnaðar gætt við meðhöndlun upplýsinga.

Starfsþróunar- og fræðslustefna

Vinnumálastofnun leggur áherslu á að starfsmönnum sé gert kleift að viðhalda og efla þekkingu sína og færni í starfi. Til fræðslu getur talist öll þjálfun, nám eða ný þekking sem nýtist til eflingar svo sem nýliðafræðsla, jafningjafræðsla, námskeið, ráðstefna, þátttaka í vinnuhópum, nýjum verkefnum eða aukin ábyrgð í starfi.

Þjónustustefna

Grunngildi Vinnumálastofnunar eru: Fyrirmyndarþjónusta, virðing og áreiðanleiki. Við veitum þeim sem til okkar leita skilvirka og áreiðanlega þjónustu. Við berum virðingu fyrir þeim sem til okkur leita og samstarfsfólki okkar. Þjónustustefna Vinnumálastofnunar nær yfir alla þjónustu sem stofnunin veitir.

Annáll 2024



JAN

Janúar *Skráð atvinnuleysi: 3,8%*

3. janúar

Reglugerðarbreytingar vegna hækkunar fjárhæða í fæðingarorlofi

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, undirritaði árið 2024 reglugerðir um breytingar á fjárhæðum greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og fjárhæðum fæðingarstyrks til foreldra barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu. Einnig undirritaði hann reglugerð um breytingar á fjárhæðum greiðslna í sorgarleyfi og greiðslu sorgarstyrks sama ár.

UAV heimsótti Danmörku

Starfsmenn Vinnumálastofnunar heimsóttu Danmörku til að kynna sér húsæðiseiningar og þá þjónustu sem Danir veittu umsækjendum um alþjóðlega vernd.



Febrúar *Skráð atvinnuleysi: 3,9%*

Vinnumálastofnun tók þátt í Lífshlaupinu

Starfsfólk Vinnumálastofnunar tók virkan þátt í heilsuáttakinu Lífshlaupið.

7. febrúar

Fundur verkefnisstjóra í Erasmus+ verkefnum

Fjöldi spennandi verkefna hófust á árinu, þar á meðal verkefnið New Beginnings, sem fól í sér þróun námsefnis fyrir frumkvöðla af erlendum uppruna.



FEB

8. febrúar

Framlenging stuðnings vegna náttúruhamfara

Alþingi samþykkti að framlengja lög um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ. Úrræðið var framlengt til 30. júní 2024.



15. febrúar

Heilsumánuður Learncove

Vinnumálastofnun tók þátt í heilðrænum heilsumánuði á vegum Learncove og lagði áherslu á vellíðan og heilbrigði starfsfólks.

Mars *Skráð atvinnuleysi: 3,8%*

4. mars


Kynning á frumvarpi um ný örorkulög

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, kynnti starfsfólki Vinnumálastofnunar frumvarp til nýrra laga um örorku.

18. mars

Tilnefning MCC vefsins til FÍT verðlaunanna

Vefsíða Fjölmenningsardeildar, mcc.is, hlaut tilnefningu til FÍT verðlaunanna 2024 í flokknum vefsíður.



MAR



Maí *Skráð atvinnuleysi: 3,7%*

17. maí

Úthlutað úr Styrkjum til atvinnumála kvenna

Styrkjum til atvinnumála kvenna var úthlutað föstudaginn 17. maí við hátíðlega athöfn. Alls voru 33 styrkir veittir. Jafnframt var haldin Fyrirtækjasmiðja þar sem keppni fór fram um verðlaunasæti að upphæð 1.000.000 króna. Einar Sigvaldason stýrði smiðjunni og þátttakendur kynntu verkefni sín fyrir dómnefnd. Í dómnefnd sátu Elínóra Sigurðardóttir, Fida Abu Libdeh og Harpa Magnúsdóttir. Sigurvegari keppinnar var Lilli Tígur, verkefni sem felur í sér framleiðslu á íslensku barnaefni fyrir sjónvarp frá grunni.

21.-23. maí

VMST á Norræna almannatryggingamótinu

Fulltrúar Vinnumálastofnunar tóku þátt í Norræna almannatryggingamótinu sem haldið var dagana 21.–23. maí 2024.

28. maí

Ársfundur Vinnumálastofnunar og útgáfa ársskýrslu

Ársfundurinn fór fram á Grensásvegi 9 undir yfirskriftinni *Tækifæri fyrir okkur öll á vinnumarkaði*. Fundurinn var tileinkaður atvinnuþátttöku fólks með mismikla starfsgetu. Ársskýrsla Vinnumálastofnunar fyrir árið 2023 kom út sama dag.

Apríl *Skráð atvinnuleysi: 3,6%*

1. apríl

Breytingar í yfirstjórn Vinnumálastofnunar

Nýtt skipurit tók gildi hjá Vinnumálastofnun og fólu breytingarnar í sér endurskipulagningu á yfirstjórn stofnunarinnar. Sjá nánar á [síðu 46](#).

MAÍ



Júní *Skráð atvinnuleysi: 3,1%*

7. júní Ársskýrsla Fæðingarorlofssjóðs

Ársskýrsla Fæðingarorlofssjóðs um nýtingu réttinda árið 2023 var gefin út.

15. júní Bench learning – Jafningjamat í Ungverjalandi

Starfsmaður Vinnumálastofnunar tók þátt sem matsaðili í Bench-jafningjamati hjá ungversku vinnumálastofnuninni. Bench er gæðamat á vinnumálastofnunum innan Evrópusamstarfs (PES network). Vinnumálastofnun áformar að taka þátt í slíku mati á Íslandi í apríl á næsta ári.



27. júní Fundur um MAAS verkefnið

Fundað var um **MAAS** (Match, Attach, and Sustain) verkefnið í ferðapjónustu hjá Vinnumálastofnun. Unnur Sverrisdóttir, forstjóri, ávarpaði gesti í upphafi fundar.

Júlí *Skráð atvinnuleysi: 3,1%*

Sumarleyfi starfsfólks


Stór hluti starfsfólks Vinnumálastofnunar fór í sumarleyfi og nýtti tímann til hvíldar og endurnæringar áður en haustið tók við.

Ágúst *Skráð atvinnuleysi: 3,2%*

30. ágúst Ný innskráning og umboðskerfi tekið í notkun

Vinnumálastofnun tók í notkun nýja innskráningarleið og umboðskerfi Stafræns Íslands á Mínum síðum fyrir atvinnuleitendur og atvinnurekendur á vmst.is. Breytingarnar auðvelda aðgengi að þjónustu og bæta upplifun notenda.

Vinnumálastofnun á island.is



September *Skráð atvinnuleysi: 3,3%*

15. september

Unndís: Fjölgun hlutastarfa

Félags- og vinnumarkaðsráðherra fól Vinnumálastofnun að leiða verkefnið Unndís, sem miðar að fjölgun hlutastarfa fyrir einstaklinga með mismikla starfsgetu. Nánar um Unndís

18. september

PES vinnustofa í Litháen

Starfsmaður Vinnumálastofnunar tók þátt í vinnustofu á vegum evrópska tengslnets vinnumálastofnana (PES) undir yfirskriftinni *European Network of Public Employment Services: Thematic Review Workshop on Early Interventions and Job-to-Job Transitions*. Vinnustofan fór fram í Vilnius og Kaunas í Litháen og var bæði fróðleg og gagnvirk. Þar fóru fram umræður og verkefnavinna með áherslu á snemmtækar íhlutanir og starfsþróun, m.a. í gegnum svokallaða “Career Centers” sem styðja við starfsþróun ungs fólks og aðra sem eru að skipta um starfsvettvang.

20 september.

Starfsdagur VMST

Á starfsdegi Vinnumálastofnunar hófst vinna við starfsáætlun ársins 2025. Einnig fluttu sérfræðingar frá OECD erindi um íslenskan vinnumarkað.

26. september

Virkniþing á Suðurnesjum

Þjónustuskrifstofa Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum tók þátt í Virkniþingi Velferðarnets Suðurnesja. Markmið þingsins var að vekja athygli á þeim virkniúrræðum sem í boði eru í landshlutanum og efla samstarfaðila. Allir sem standa að virkniúrræðum á svæðinu fengu tækifæri til að kynna sína starfsemi og kynnast starfsemi annarra.



Október *Skráð atvinnuleysi: 3,4%*

9. október

Mannauðsdagurinn

Starfsfólk Vinnumálastofnunar tók þátt í Mannauðsdeginum.

15. október

PES vinnustofa í Aþenu

Starfsmaður VMST sótti vinnustofu í Aþenu á vegum PES (European Network of Public Employment Services). Fjallað var um færniþarfir framtíðarinnar og hvernig unnt sé að tengja atvinnuleitendurviðlausstörf með markvissarihætti. Vinnustofan var bæði fræðandi og hagnýt og var lögð áhersla á greiningu vinnumarkaðsupplýsinga og þróun “skills intelligence”.

IPS verkefnið – eitt ár í þjónustu

IPS verkefnið fagnaði einu ári í október. Verkefnið styður einstaklinga með gedrænar áskoranir til virkni og þátttöku á vinnumarkaði með einstaklingsmiðaðri ráðgjöf. Á árinu fengu 183 einstaklingar IPS þjónustu, þar af komust tæplega 60% í langtíma virkni – flestir í atvinnu. Ávinningurinn hefur verið mikill, bæði fyrir einstaklingana sjálfa og samfélagið. Sjá bls. 25.



21. október

Heimsókn til Berlínar – innsýn í húsnæðislausnir

Starfsfólk Vinnumálastofnunar heimsótti Berlín til að kynna sér lausnir Þjóðverja í þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Sérstök áhersla var lögð á einingarhús og hvernig staðið er að búsetu, stuðningi og aðlögun einstaklinga í viðkvæmri stöðu.

24. október

30 ára afmæli EURES – Today's dream, tomorrow's reality

EURES, evrópskt samstarfsnet um atvinnumál, fagnaði 30 ára afmæli með viðburði þar sem öll 31 aðildarríki tóku þátt. Haldin var sameiginleg rafræn kynning og meðal ræðumanna var Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar ESB.





Nóvember Skráð atvinnuleysi: 3,7%

12. nóvember

Heimsókn til Eistlands

Starfsfólk Vinnumálastofnunar heimsótti Eistland til að kynna sér aðferðir og lausnir tengdar gæða- og skjalastjórnun hjá öðrum stofnunum.

26. nóvember

Reglugerð um desemberuppbót undirrituð.

NÓV



VINNUMÁLA
STOFNUN


Desember Skráð atvinnuleysi: 3,7%

9. desember

Þátttaka í Þjónustukönnun ríkisins

Vinnumálastofnun tók þátt í Þjónustukönnun ríkisins í samstarfi við Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Prósent.

Könnunin er rauntímamæling á lykilþáttum þjónustu opinberra stofnana og veitir mikilvægar upplýsingar um upplifun notenda og möguleg umbótatækifæri.




Prósent

11. og 12. desember


Ráðstefna í Stokkhólmi um inngildingu innflytjenda á vinnumarkaði

Ellefu manna hópur úr almennt ráðgjöf, fjölmenningsdeild og flóttamannadeild Vinnumálastofnunar sótti ráðstefnu í Stokkhólmi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar undir yfirskriftinni *How can the Nordic countries better promote labour market integration among migrant mothers and fathers?* Fjallað var um mikilvægi inngildingar og aðlögunar innflytjenda og flóttafólks. Sérstök áhersla var lögð á aðgengi að leikskólum og menntun, sem lykilkætti í atvinnuþátttöku foreldra og velferð komandi kynslóða.




Vinnumarkaðurinn


Mánaðarlegt atvinnuleysi 2023-2024 (%)




Atvinnuleysi eftir þjóðerni árið 2024
ásamt hlutfalli (%) atvinnuleysis útlanda



Hlutfall atvinnuleysis á Íslandi frá árinu 2015 til 2024 (%)



Hlutfall atvinnuleysis eftir þjóðerni árið 2024 (%)




Alls var tilkynnt um
16 hópuppsagnir
árið 2024 þar sem
943 einstaklingum
var sagt upp vinnu

Flestir misstu vinnu í iðnaðarstörfum eða **260 manns**
sem var um **28%** af öllum hópuppsögnum.

Í greinum tengdum fiskveiðum misstu **154** vinnuna,
146 í opinberri þjónustu og **139** í flutningaþjónustu.


Hópuppsagnir árið 2024

Fjöldi starfsfólks Fjöldi fyrirtækja




Menntun allra á atvinnuleysisrá (%)
árið 2024 eftir kyni

Grunnskólanám Lönnám Stúdentspróf
Háskólanám Annað nám




Menntun allra á atvinnuleysisrá (%)
árið 2024 eftir uppruna

Grunnskólanám Lönnám Stúdentspróf
Háskólanám Annað nám




Meðalatvinnuleysi
á Íslandi var
3,5%
árið 2024




Mest var atvinnuleysi
á Suðurnesjum
6,1%
Minnst var atvinnuleysi
á Norðurlandi vestra
1,3%
Ekki var greinanlegur munur
á atvinnuleysi milli kynja

Hlutfall atvinnuleysis (%) eftir svæðum árin 2024 og 2023



Hlutfall atvinnuleysis (%) eftir svæðum og kyni árið 2024




Tímalengd atvinnuleysis árið 2024

0-6 mánuðir
61%


6-12 mánuðir
16%

+12 mánuðir
23%




Langtímaatvinnuleysi árið 2024

Fjöldi Hlutfall (%) af vinnumarkaði



Umsóknir um atvinnuleysisbætur

Umsóknir um atvinnuleysisbætur eftir landsvæðum árið 2024




Alls bárust Vinnumálastofnun

16.692

umsóknir um atvinnuleysisbætur
árið 2024

Umsóknir um atvinnuleysisbætur árin 2019-2024



Þjónusta

Síminn hringdi

84.182


sínum árið 2024



Spjallmennið Vinný svaraði

39.363

erindum árið 2024




Af þeim voru 10.696 erindi

send áfram til ráðgjafa og
Fæðingarorlofssjóðs

Svörun Vinný árin

2020-2024



- Vinný samtöl
- Samtöl send til ráðgjafa

Þjónustusvið

Þjónustusvið


Vinnumálastofnun starfrækir átta þjónustuskristofur á Reykjanesi, í Reykjavík, á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi.

Vinnumálastofnun veitir víðtæka þjónustu til atvinnuleitenda og atvinnurekenda. Sérstök framlínu-ráðgjöf er veitt til atvinnuleitenda sem hafa verið skemur en 12 mánuði á atvinnuleysisbótum. Atvinnu-rekendur geta auglýst laus störf hjá fyrirtækjaráðgjöf og í gegnum EURES evrópska vinnumiðlun. Á sviðinu starfa jafnframt sérfræðingar sem sinna verkefnum á borð við ráðningar- og nýsköpunarstyrki, Frumkvæði, Atvinnumál kvenna, Svanna lánatryggingasjóð og taka þátt í Evrópuverkefnum þeim sem Vinnumálastofnun er aðili að.

Mínus 12

Ráðgjöf Vinnumálastofnunar er stigskipt og skiptist í **Mínus 12** og **Plús 12**. Mínus 12 snýr að þeim sem hafa verið skemur en 12 mánuði á atvinnuleysissskrá og sinnir þjónustusvið ráðgjöf við þann hóp.

Mínus 12 ráðgjöf miðar að því að atvinnuleitendum sé boðið úrræði við hæfi á fyrstu mánuðum atvinnuleysis. Markmiðið er að koma í veg fyrir langtímaatvinnuleysi og forgangsraða úrræðum til þeirra sem þurfa mest á þeim að halda. Stuðst er við vörður í þjónustu og ráðgjöf sem eru ákvarðaðar í samhengi við tímalengd einstaklings á atvinnuleysissskrá.



Ráðningar- og nýsköpunarstyrkir

Vinnumálastofnun sér um opinbera vinnumiðlun, metur hæfni atvinnuleitenda og skipuleggur úr-ræði sem eru til þess fallin að auka vinnufærni atvinnuleitenda samkvæmt lögum um vinnumarkaðs-aðgerðir nr. 55/2006.

Meginmarkmið laganna er annars vegar að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði og hins vegar að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á vinnuafli í landinu. Markmið vinnumarkaðsaðgerða er að sporna við atvinnuleysi, auðvelda fólki í atvinnuleit að halda virkni sinni, stuðla að tengslum við atvinnulífið og skapa leiðir til að bæta atvinnumöguleika. Á þjónustusviði starfa sérfræðingar á landsvísu sem eru atvinnurekendum innan handar varðandi vinnumarkaðsaðgerðir.


Ráðningarstyrkur

Markmið ráðningarstyrkja er að aðstoða atvinnurekendur við að fjölga atvinnutækifærum fyrir ein-staklinga á atvinnuleysisskrá. Atvinnurekendi getur fengið ráðningarstyrk í allt af sex mánuði greiddan með nýjum starfskrafti. 479 einstaklingar voru ráðin til starfa með ráðningarstyrk árið 2024.


Nýsköpunarstyrkur

Nýsköpunarstyrkur nýtist atvinnurekendum í nýsköpun til að bæta við sig starfsfólki af atvinnu-leysisskrá. Verkefnið er samstarfsverkefni Vinnumálastofnunnar og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis. Atvinnurekendi getur fengið nýsköpunarstyrk í allt af sex mánuði greiddan með nýjum starfskrafti með möguleika á framlengingu um aðra sex mánuði. 17 einstaklingar voru ráðin með nýsköpunarstyrk árið 2024.


Fjöldi ráðningastyrkja eftir þjónustuskrifstofum



Ráðningarstyrkir




Nýsköpunarstyrkir




Fyrirtækjaráðgjöf – Ráðningarþjónusta

Þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunnar starfrækja öfluga fyrirtækjaráðgjöf á landsvísu þar sem atvinnurekendur geta auglýst eftir starfsfólki á vef Vinnumálastofnunar. Auglýsingar ná til breiðs hóps og áhersla er lögð á að veita persónulega þjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins.


Fjöldi stöðugilda eftir þjónustuskrifstofum 2024




Fjöldi auglýstra starfa eftir atvinnugreinum 2024



Fjöldi auglýstra starfa eftir þjónustuskrifstofum EURES störf



Fjöldi stöðugilda eftir atvinnugreinum EURES störf



Frumkvæði

Frumkvæði er verkefni sem atvinnuleitendur geta sótt um til að skapa sér eigið starf og undirbúa að fara út í eigin rekstur. Þátttakendur fá fræðslu og leiðsögn, kanna þörf fyrir væntanlega þjónustu eða vörursínar á markaði og gera viðskiptaáætlun um viðkomandi verkefni, auk þátttöku í fyrirtækjasmiðju.

Á árinu 2024 var boðið upp á átta fyrirtækjasmiðjur, fjórar haldnar á íslensku, þrjár haldnar á ensku og ein smiðjan var blönduð Íslendingum og fólki af erlendum uppruna. Það var nýbreytni að bjóða upp á blandaða smiðju, en hún tókst mjög vel. Kennslan fór fram á ensku og þátttakendur höfðu val um að skila viðskiptaáætlun og kynna verkefni á íslensku eða ensku.

Þátttakendurnir voru 108 talsins á árinu 2024, 62 Íslendingar og 46 af erlendum uppruna, frá 21 landi, flestir frá Póllandi eða alls 13. Af þeim 108 sem fengu samning um Frumkvæði á árinu 2024 eru 86 ennþá að vinna að eigin viðskiptahugmynd.

108 manns

tóku þátt í Frumkvæði árið 2024

64 Íslendingar | 46 af erlendum uppruna

frá 21 landi

af þeim 108 sem fengu samning

eru 86 manns enn að vinna að eigin viðskiptahugmynd

MAAS

Vinnumálastofnun tekur þátt í Evrópuverkefninu MAAS (Match, Attach and Sustain) ásamt níu samstarfsaðilum frá sjö löndum. Svíþjóð leiðir verkefnið en auk Íslands eru þáttökulönd Pólland, Spánn, Grikkland, Kýpur og Úkraína. MAAS hófst í september 2023 og stendur yfir til febrúar 2026.



Verkefnið sameinar stofnanir úr ferðaþjónustu, opinberri vinnumiðlun og úr menntageiranum til að takast á við áskoranir þær sem Evrópa stendur frammi fyrir eftir heimsfaraldur í stjórnmálum, samfélags- og efnahagsmálum. Samstarfið miðar að því að þróa nýja aðferðafræði í vinnumiðlun sem og í ráðgjöf í atvinnumálum. Auk þess eru samstarfsaðilar knúin áfram af sameiginlegum gildum ESB og skuldbindingum um lýðræði, frið, einingu og fjölbreytileika. Lögð er áhersla á að styðja við úkraínsk flóttafólk í gegnum þjónustu og stefna að því að koma á sameiginlegu neti með áherslu á félagslega og efnahagslega uppbyggingu eftir átök.



New beginnings

Evrópuverkefni um atvinnusköpun og valdeflingu innflytjenda

Vinnumálastofnun tekur þátt í Evrópuverkefninu „New Beginnings“ sem er Erasmus+ samstarfsverkefni og miðar að því að efla sjálfstraust, atvinnuhæfni og frumkvöðlahugsun innflytjenda. Verkefninu er stýrt af Vinnumálastofnun og er unnið í samstarfi við nokkra evrópska aðila, þar á meðal APAEM – Vinnumálastofnunina í Madrid, Rinova á Spáni, Inova Aspire í Hollandi og Elan Intercultural í Frakklandi en þessir aðilar vinna náið með markhópnum.



Verkefnið byggir á því að nýta hæfni, reynslu, félags- og menningarauð innflytjenda til valdeflingar og þróunar eigin viðskiptahugmynda, auk inngildingar í nýju landi.

Verkefnið er tvíþætt, annarsvegar að halda námskeið fyrir leiðbeinendur sem vinna með innflytjendum og námskeiðshald og fræðsla fyrir innflytjendur.

Í tengslum við verkefnið er verið að þróa námsvefí gegnum LearnDash-kerfið. Þar er að finna fjóra námsþætti með sjálfsnámi, myndböndum, verkefnavinnu og prófum. Efnið verður aðgengilegt haustið 2025.



EURES

EURES (European Employment Services) er samstarfsvettvangur opinberra vinnumiðlana milli ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu og er starfrækt í 31 landi í Evrópu.

Markmið EURES er að stuðla að auknum hreyfanleika vinnandi fólks á milli landa og bregðast við staðbundnum sveiflum á vinnumarkaði.

EURES fagnaði 30 ára afmæli á árinu, en verkefnið var sett á stofn árið 1994 og hefur Ísland tekið þátt frá upphafi. Fulltrúar allra EURES landa komu saman í október og héldu sameiginlega kynningu í streymi um þjónustu EURES. Viðburðurinn er í takt við stefnu EURES um að koma til móts við atvinnuleitendur og atvinnurekendur á öllu EES svæðinu með stafrænum lausnum og auðveldu aðgengi.



Ráðgjafarsvið

Ráðgjafarþjónusta

Einstaklingar í atvinnuleit geta nýtt sér víðtæka ráðgjafarþjónustu Vinnumálastofnunar sér að kostnaðarlausu. Ýmis konar upplýsingagjöf er veitt varðandi náms- og starfsval og boðið er upp á áhugasviðsgreiningu, aðstoð við ferilskrárgerð og hagnýt ráð varðandi atvinnuleit.

Ráðgjöf Vinnumálastofnunar er skipt á milli þjónustusviðs og ráðgjafarsviðs eftir lengd atvinnuleitenda á atvinnuleysisskrá. Fyrstu 12 mánuði nýtur einstaklingur ráðgjafar á þjónustusviði (Mínus 12) en eftir 12 mánuði á ráðgjafarsviði (Plús 12).

Plús 12

Langtímaatvinnulausir einstaklingar fá boðun í greiningarviðtal þar sem lagt er mat á þjónustubörf og staða viðkomandi er greind og flokkuð í A, B, C eða D – hóp.

A: Sjálfbjarga í atvinnuleit en þarf eftirfylgni.

Viðtal eftir þrjá mánuði ef atvinnuleit heldur áfram.

B: Þarf meiri stuðning.

Námskeið og tíðari viðtöl. Miðlað í störf með betri þekkingu ráðgjafa á einstaklingnum.

C: Þarf endurhæfingu.

Samstarf við VIRK og SÁÁ. Samráðsfundir á 6 vikna fresti.

D: Ekki mætt í greiningarviðtal.

Mál sent á Greiðslustofu. Óskað er eftir skýringum á fjarveru.



Ráðgjöf og vinnumiðlun fyrir fólk með skerta starfsgetu

Vinnumálastofnun þjónustar atvinnuleitendur með skerta starfsgetu en það er breiður hópur fólks með ólíkar þarfir. Þjónustan er einstaklingsmiðuð og felur í sér aðstoð við atvinnuleit, auk stuðnings og eftirfylgdar á vinnustað, ef þörf er á.

Árið 2024 sóttu 613 einstaklingar með skerta starfsgetu um þjónustu á landinu öllu. Um er að ræða fjölbreyttan hóp sem býr yfir ýmis konar færni og hefur ólík áhugasvið.

Vinnusamningar öryrkja

Vinnumálastofnun er umsjónaraðili fyrir vinnusamninga öryrkja sem eru endurgreiðslusamningar við atvinnurekendur, ætlaðir til þess að auka tækifæri atvinnuleitenda með skerta starfsgetu á almennum vinnumarkaði.

Fjöldi vinnusamninga í lok árs 2024 voru alls **1.073**

IPS

IPS er nýtt úrræði hjá Vinnumálastofnun sem hófst formlega haustið 2023. Markmið verkefnisins er að fyrirbyggja ótímabært brotthvarf ungs fólks (18-29 ára) í viðkvæmri stöðu af vinnumarkaði. Unnið er eftir bandarískri hugmyndafræði IPS (Indivídal Placement and Support) sem snýst um að endurhæfing fari fram í starfi. Ráðgjafar IPS veita einstaklingsmiða aðstoð við að finna starf og halda einnig áfram stuðningi eftir að einstaklingur byrjar í starfi. Ráðgjafar geta einnig aðstoðað einstaklinga við að sækja námskeið eða formlegt nám, svo sem framhaldsskóla eða háskólanám. IPS úrræðið einblínir á að veita á markvisst snemmtækt innngrip fyrir ungt fólk í viðkvæmri stöðu.




Á árinu 2024 nutu 246 einstaklingar IPS þjónustu hjá Vinnumálastofnun um allt land, þar af voru 124 sem útskrifuðust úr úrræðinu á því tímabili. Af útskrifuðum einstaklingum voru 73% sem luku úrræðinu með því að fara í vinnu, nám eða í aðra starfsendurhæfingu.

Áhugavert var að 68% starfa sem IPS ráðgjafar aðstoðuðu við að afla voru á almennum vinnumarkaði, en aðeins 32% voru í gegnum ráðningarstyrk Vinnumálastofnunar.

IPS úrræðið stendur öllum ungum atvinnuleitendum til boða og IPS ráðgjafar eru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu, Keflavík, Selfossi og á Akureyri.

Tegund ráðninga

32% | Ráðningastyrkur



68% | Ráðning

Færni á vinnumarkaði

Tilraunaverkefnið Færni á vinnumarkaði er útfærsla á tillögu sem fram kom í skýrslu starfshóps um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk og er hluti af framkvæmd landsáætlunar um réttindi fatlaðs fólks. Tillagan felur í sér að tryggja aukin tækifæri fatlaðs fólks til atvinnuþátttöku með starfstengdu námi og er vottuð námsleið.

Tilgangur verkefnisins er að efla samstarf milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA), fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, Fjölmennatar og Vinnumálastofnunar (VMST) með aukna færni einstaklingsins að leiðarljósi.


Færni á vinnumarkaði spannar heila önn og skiptist í fræðslu í umsjá fræðslu- og símenntunarstöðva og starfsþjálfun í umsjá VMST með þátttöku atvinnulífsins.

Námið hófst um miðjan september 2024. Fræðslu- og símenntunarstöðvar um land allt buðu upp á námið og fór fræðsluþáttur fram í fjarkennslu í dreifðari byggðum í samstarfi við sveitarfélög sem styðja við verkefnið. Eftirfylgni með verkefninu var á hendi Vinnumálastofnunar. Færni á vinnumarkaði hefur verið fest í sessi en niðurstöður tilraunaverkefnis sýna að um 80% þeirra sem kláruðu Færni á vinnumarkaði fóru strax í störf.

Unndís

Félags- og húsnæðismálaráðherra fól Vinnumálastofnun að leiða vinnu sem miðar að því að fjölga hlutastörfum fyrir einstaklinga með mismikla starfsgetu á vinnumarkaði í gegnum verkefnið Unndís. Teymi var skipað til að sinna verkefninu ásamt verkefnastjóra. Verkefnið styður við inngildingu á vinnustöðum og á sér fyrirmynd hjá Stofnunum Sameinuðu þjóðanna (UNDIS - United Nations Disability Inclusion Strategy). Unndís er ætlað að styðja við þær breytingar sem taka gildi á örorkulífeyriskerfinu 1. september 2025.

Tilraunaverkefnið hófst á haustmánuðum 2024 með sérstakri áherslu á félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið og undirstofnanir þess, auk sveitarfélagsins Árborgar. Unndís felur í sér stöðumat á aðgengi að störfum, inngildandi vinnustaðamenningu ásamt ráðgjöf sem styður við ráðningar í störf sem og fræðslu um viðeigandi aðlögun á vinnustað. Megin tilgangurinn er að skapa fjölbreytt hlutastörf og stuðla að því að atvinnuleitendur sem þurfa sérstakan stuðning nái fótfestu á vinnumarkaði. Í beinu framhaldi var Unndís kynnt fyrir helstu hagaðilum vinnumarkaðarins í nánú samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands sem og fjölda fyrirtækja og sveitarfélaga með það að markmiði að fá vinnumarkaðinn hvort heldur sem er þann opinbera eða almenna með í þá mikilvægu vegferð að fjölga hlutastörfum.



Fjölmenningsvið

Á Fjölmenningsviði starfa þrjár deildir sem sinna málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd, flóttafólks og innflytjenda.

UAV þjónustar umsækjendur um alþjóðlega vernd með þjónustuviðtölum, búsetuþjónustu, heilbrigðisþjónustu og félagslegri ráðgjöf.

Fjölmenningardeild veitir einstaklingum sem hafa fengið veitta vernd upplýsingar um fyrstu skrefin eftir veitingu verndar og býður þeim að taka þátt í samræmdri móttöku flóttafólks.

Flóttamannadeild aðstoðar flóttafólk við að fóta sig á íslenskum vinnumarkaði og styður þau í atvinnuleit með ráðgjöf.

Fjölmenningsvið býður einnig upp á ráðgjafarþjónustu fyrir innflytjendur og heldur úti öflugri upplýsingasíðu, [mcc.is](#). Deildir sviðsins vinna náið með sveitarfélögum að móttöku og stuðningi við flóttafólk, meðal annars með ráðgjöf um fyrstu skref eftir veitingu dvalarleyfis, aðstoð við móttöku á vegum sveitarfélaga og stuðningi við aðlögun að íslensku samfélagi. Í því felst meðal annars íslenskukennsla, samfélagsfræðsla og ráðgjöf í atvinnuleit.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Vinnumálastofnun veitir umsækjendum um alþjóðlega vernd grunnþjónustu á meðan Útlendingastofnun er með umsókn þeirra til meðferðar. Þjónustan er lögbundin en stofnunin úrskurðar ekki í málum umsækjenda. Vinnumálastofnun sér umsækjendum um alþjóðlega vernd fyrir fæði eða fæðispeningum og húsnæði ásamt því að greiða fyrir nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, menntun barna á aldrinum 6 – 18 ára og kort í almenningssamgöngur. Eftir fjögurra vikna dvöl fá einstaklingar einnig greitt framfærslufé. Samningur var við Rauða krossinn um virkni og stóðu þau fyrir ýmis konar viðburðum fyrir umsækjendur í Reykjanesbæ og á höfuðborgarsvæðinu.

Fækkun umsókna

Töluverð fækkun varð á umsækjendum í verndarkerfinu á árinu 2024. Í upphafi árs voru þeir um 2.800 en í lok árs voru þeir ríflega 1.400.

Stærstur hluti umsækjenda um alþjóðlega vernd á Íslandi kemur frá Úkraínu, en flestir þeirra fá veitta vernd strax og dvelja stutt í verndarkerfinu. Næstfjölmennasti hópurinn eru umsækjendur frá Venesúela, sem einnig sækja oftast um alþjóðlega vernd hér á landi. Aðrir umsækjendur koma frá löndum eins og Kólumbíu, Írak, Nígeríu, Palestínu, Sómalíu og Sýrlandi, auk fleiri landa.

Endurskoðun á búsetuúrræðum

Á árinu 2024 var gerð umfangsmikil endurskoðun á búsetuúrræðum á vegum Vinnumálastofnunar. Í byrjun ársins voru þau 27 talsins, en í lok ársins 2024 voru þau orðin 15. Á sama tíma var öryggisgæsla endurskoðuð og árangur náðist í hagræðingu. Á árinu 2025 verður áfram unnið að endurskoðun úrræðanna, auk hagræðingar og bætingar á öryggisgæslu og þjónustu.


Móttökumiðstöð

Móttökumiðstöð fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd er staðsett í gamla húsnæði Domus Medica við Egilsgötu 3 í Reykjavík. Miðstöðin er í rekstri Vinnumálastofnunar, en þar eru einnig aðilar eins og Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, Útlendingastofnun, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og Rauði kross Íslands. Í móttökumiðstöðinni eru skammtímagistiheimili fyrir nýkomna einstaklinga og þar fá umsækjendur afhentan startpakka fyrir dvöl sína hér á landi.

Velferðarteymi

Hjá Vinnumálastofnun starfar velferðarteymi sem sinnir umsækjendum um alþjóðlega vernd. Teymið samanstendur af þremur hjúkrunarfræðingum, félagsráðgjafa og aðstoðarmanni sem fer m.a. með tölvuþjónustu og túlkun. Velferðarteymið tekur þátt í fyrstu skimun með Heilsugæslunni, fer sérstaklega með þungaðar konur og viðkvæma hópa og annast beiðnir, tilvísanir, lyf, hjálpartæki og samskipti við heilbrigðisþjónustu og skóla. Áður en velferðarteymið var stofnað var heilbrigðisþjónusta fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd veitt í gegnum almenna heilbrigðiskerfið, sem skapaði aukið álag á kerfið. Með starfsemi velferðarteymisins er nú hægt að sinna meira en 80% af þeim erindum sem áður féllu á almenna heilbrigðiskerfið.

Umsækjendur í verndarkerfinu



Fjölmenningardeild

Fjölmenningardeild veitir innflytjendum víðtæka ráðgjafarþjónustu. Ráðgjafar deildarinnar tala íslensku, ensku, pólsku, úkraínsku, spænsku, arabísku, ítölsku, frönsku og rússnesku. Á árinu bárust 1.497 fyrirspurnir frá innflytjendum en einnig voru veittar upplýsingar og ráðgjöf varðandi málefni innflytjenda til stofnana, sveitarfélaga, félagasamtaka og fyrirtækja.

Verkefnastjóri í málefnum innflytjenda tók til starfa í byrjun árs 2024. Stóð hann fyrir samráði milli fjölmenningarfulltrúa sveitarfélaga og annarra stofnana og samtaka á sviði fjölmenningar ásamt því að vera fulltrúi Vinnumálastofnunar í ýmsum verkefnum tengdum fjölmenningu.

Samræmd móttaka flóttafólks

Fjölmenningardeild býður öllum þeim sem fá veitta alþjóðlega vernd upplýsinga- og þarfagreininga-viðtal og er þeim boðin þátttaka í samræmdri móttöku flóttafólks. Á árinu voru 14 sveitarfélög með samning við félags- og húsnæðismálaráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks en samningi við Múlaþing lauk í maí. Í lok árs voru alls 3.169 pláss í samræmdri móttöku og var nýtingin um 95%.

1.962

flóttamenn paraðir við sveitafélag í samræmdri móttöku árið 2024

3.169 pláss voru í samræmdri móttöku og nýting um 95%

Á árinu voru 1.962 flóttamenn paraðir við sveitarfélag í samræmdri móttöku flóttafólks. Þar með eru talin mál þeirra sem sóttu um og höfðu nýverið fengið veitta vernd á Íslandi, kvótaflóttafólk, þeir einstaklingar sem fengu veitta alþjóðlega vernd vegna fjölskyldusameiningar við flóttamann og einnig flóttafólk sem ekki hafði verið mögulegt að para við sveitarfélag áður, meðal annars vegna skorts á lausum plássum.

Tilvísunum var dreift á milli þeirra sveitarfélaga sem voru með samning um samræmda móttöku flóttafólks eftir því sem laus pláss leyfðu. Flestar tilvísanir voru sendar til Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Akureyrar og Garðabæjar.

Alls voru 454 flutningsbeiðnir mótteknar og sendar nýjum sveitarfélögum við flutning flóttafólks milli sveitarfélaga. Skráð voru 1.269 þjónustulok, sem verður ýmist þegar þrjú ár eru liðin frá veitingu verndar og þjónustu lýkur, þegar fólk flytur úr landi, í sveitarfélag sem er utan samræmdrar móttöku eða ef einstaklingur hefur ekki þörf fyrir þjónustu lengur.

Fjöldi einstaklinga sem voru paraðir við móttökusveitarfélag í samræmdri móttöku flóttafólks árið 2024

Pörun 2024	Fjöldi
Reykjavík	1133
Hafnarfjörður	255
Akureyri	123
Kópavogur	116
Garðabær	98
Borgarbyggð	54
Árborg	41
Reykjanesbær	41
Mosfellsbær	40
Akranes	36
Ísafjörður	13
Vestmannaeyjar	12
Múlaþing	0
Hornafjörður	0
Samtals	1962

Fræðsla

Ýmis fræðsla fór fram á vegum Fjölmenningardeildar árið 2024. Má nefna fjölmenningarfræðslu fyrir starfsfólk Vinnumálastofnunar (5 erindi) og námskeið í sálfélagslegum stuðningi fyrir starfsfólk fjölmenningarsviðs. Fengnir voru sérfræðingar frá DRC (Danish refugee council) til að þjálfa starfsfólk sveitarfélaga í samræmdri móttöku í að halda Mindspring námskeið fyrir flóttafólk.

Starfsdagar sveitarfélaga í samræmdri móttöku flóttafólks fóru fram á vegum fjölmenningardeildar dagana 7. og 8. október. Boðið var upp á fræðsluerindi og vinnustofur. Á árinu var einnig gefin út Handbók samræmdrar móttöku flóttafólks fyrir sveitarfélögin.

Fjölmenningardeild stóð fyrir 7 fræðsluerindum fyrir fagfólk í sveitarfélögum, stofnunum og félagasamtökum. Fjallað var um félagsstarf fyrir flóttafólk, málefni döf flóttafólks, farsæld barna, fylgdarlaus börn, breytingar á útlendingalögum og samfélagsþátttöku innflytjenda. Fræðsluerindin fóru fram á Teams og voru vel sótt.

Fjölskyldusameiningar og samningur við IOM

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið er með samning við alþjóðlegu fólksflutningsstofnunina (IOM) til að aðstoða við flutning á kvótaflóttafólki og í þeim tilfellum sem fjölskyldumeðlimir sem hafa fengið samþykka fjölskyldusameiningu en geta af einhverjum ástæðum ekki ferðast til Íslands án aðstoðar, svo sem vegna heilsufars eða þegar um ung börn er að ræða. Fjölmenningsardeild heldur utan um þetta verkefni fyrir hönd ráðuneytisins og sér um samskipti við IOM, Flóttamannastofnun sameinuðu þjóðanna, Útlendingastofnun, málstjóra og stundum fjölskyldumeðlimi.

Alls fengu 215 manns aðstoð IOM við flutning til Íslands. Þar af voru 18 sem flokkast sem kvótaflóttafólk og 197 sem fengið höfðu fjölskyldusameiningu. Flest voru frá Palestínu, eða 144 einstaklingar. Næstflest voru frá Sýrlandi, eða 35 manns en þar af voru 25 með tvöfaldan ríkisborgararétt, sýrlenskan og venesúelskan.

Öllum var boðið í upplýsinga- og þarfagreiningaviðtal við komu til landsins (á þeirra tungumáli) og voru sendar tilvísanir í samræmda móttöku til viðeigandi sveitarfélaga – Reykjavíkur, Reykjanesbæjar, Mosfellsbæjar, Árborgar, Kópavogs og Akraness.

Af þeim sem fengu veitta fjölskyldusameiningu og fengu aðstoð IOM við flutning til Íslands voru **93% konur og börn.**

Stærsti hópurinn sem kom með aðstoð IOM voru Palestínumenn frá Gaza sem gátu ekki ferðast af sjálfsdáðum til Íslands vegna lagarammans í Egyptalandi og aðstæðna í heimalandi. Vorið 2024 var tekin ákvörðun um að aðstoða stóran hóp fólks sem hafði fengið fjölskyldusameiningu til að komast frá Gaza yfir til Egyptalands og þaðan til Íslands. Um var að ræða umfangsmikið og flókið verkefni.

Fjölskyldusameiningar sem komu til landsins árið 2024 með aðstoð IOM



Sendinefnd á vegum Utanríkismálaráðuneytisins fór til Egyptalands og var hún í miklum samskiptum við starfsfólk fjölmenningsardeildar. Mikil skipulags- og undirbúningsvinna fór í verkefnið og hlutverk fjölmenningsardeildar var veigamikið. Með góðu samstarfi tókst að koma 72 einstaklingum yfir landamærin og þaðan til Íslands þann 8. mars 2024. Af þessum 72 einstaklingum voru einn karl, 23 konur og 48 börn. Stærstur hluti þeirra sameinaðist fjölskyldum búsettum í Reykjavík. Gaman er að segja frá því að það vakti athygli hjá sendinefndum nágrannalanda okkar hversu vel hefði tekist að koma svo stórum hóp yfir landamærin í einu lagi, en sendinefnd Íslands sagði það fyrst og fremst mega þakka góðu samstarfi við Vinnumálastofnun.



Starfskonur fjölmenningsardeildar Vinnumálastofnunar ásamt starfsmanni alþjóðadeildar Reykjavíkurborgar í móttöku hópsins frá Gaza á Keflavíkflugvelli þann 4. mars 2024.

Fjölskyldusameiningarmál sem komu til landsins með aðstoð IOM

Börn	120
Konur	63
Karlar	14
Alls	197

Fjöldi einstaklinga sem kom til landsins 2024 með aðstoð IOM

Ríkisfang	Fjölskyldu sameiningar	Kvótaflóttafólk	Samtals
Palestína	144		144
Sýrland/Venesúela	25		25
Sómalía	18		18
Sýrland	4	6	10
Afganistan	3	12	15
Úganda	2		2
Kongó	1		1
Samtals	197	18	215

Vinnumiðlun og virkni flóttafólks

Árið 2024 einkenndist af aukinni áherslu á ferla, skráningar og úrræði hjá Virkni og vinnumiðlun flóttafólks á höfuðborgarsvæðinu. Eftir nokkur ár af gríðarlegri fjölgun þjónustuþega er komið á nokkuð jafnvægi og fækkaði þjónustuþegum í atvinnuleit um 3% á milli ára, úr 1544 árið 2023 í 1499 árið 2024. Fjöldi flóttafólks í atvinnuleit er enn mikill.


Þátttaka jókst í samfélagsfræðslunni Landnemanum um tæp 30% á höfuðborgarsvæðinu á milli ára og þjónustukannanir og samtöl við þátttakendur sýndu mikla ánægju með samfélagsfræðsluna.

Eitt öflugasta úrræðið sem Virkni og vinnumiðlun flóttafólks bauð upp á árinu voru leikskóla- og umönnunarsmiðjur og útskrifuðust 60 skjólstaðingar deildarinnar af slíkum smiðjum sem voru ýmist haldnar af Mími símenntun eða Framvegis miðstöð símenntunar. Árangurinn er vægast sagt frábær en rúmlega 71% þátttakenda eru nú þegar í starfi og nánast öll á fagsviði sinnar smiðju.


Útskriftarhópur af Landnemanámskeiði haustið 2024 hjá Framvegis miðstöð símenntunar.



Virkni og vinnumiðlun á höfuðborgarsvæðinu - þróun á fjölda í atvinnuleit



Árangur af leikskóla- og umönnunarsmiðjum árið 2024



Samstarf vegna vinnumansals

Umræðan um vinnumansal fór hátt á Íslandi árið 2024 og á vormánuðum steig Virkni og vinnumiðlun flóttafólks inn í samstarf með m.a. atvinnuréttindadeild VMST, ASÍ, Útlendingastofnun, Lögreglunni, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og Bjarkarhlíð. Ráðgjafar úr deildinni funduðu reglulega með fulltrúum þessara hópa, ásamt því að hitta tæplega fjörutíu þolendur á einstaklings- og hópfundum og aðstoða við að finna ný störf innan mjög þröngs tímaramma. Þetta ferli var sérstaklega lærdómsríkt og sýndi skýrt mátt samstarfs ólíkra hagsmunaaðila. Í lok september tóku fulltrúar Vinnumálastofnunnar virkan þátt í ráðstefnu ASÍ og Samtaka atvinnulífsins um mansal á Íslandi með kynningu og þátttöku í pallborðsumræðum.

Réttindasvið

Réttindasvið skiptist í fjórar megin skrifstofur. Starfsmenn sviðsins eru 41 talsins og eru þeir staðsettir á þremur stöðum á landinu. Á Hvammstanga fer fram afgreiðsla réttinda samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, sorgarleyfi, ættleiðingarstyrki og 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Greiðslustofa Vinnumálastofnunar er á Skagaströnd þar sem ákvarðað er um réttindi samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Loks eru tvær deildir sviðsins staðsettar í Reykjavík þar sem annars vegar er ákvarðað um réttindi samkvæmt lögum um Ábyrgðasjóð launa og hins vegar um atvinnuréttindi útlendinga. Auk þess fer fram fjölbreytt úrvinnsla erinda og stjórnsýslumála á skrifstofunum ásamt eftirliti með réttindum og greiðslum og eftir því sem við á ákvörðunum um viðurlög og innheimtu ofgreiddra greiðslna.

Atvinnuleyfi

Vinnumálastofnun hefur umsjón með útgáfu atvinnuleyfa vegna starfa útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og fer með framkvæmd laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga. Lög um atvinnuréttindi útlendinga kveða á um rétt útlendinga til að starfa hér á landi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og er þeim meðal annars ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma hingað til lands í atvinnuskyni. Þá leggur stofnunin mat á framboð á starfsfólki til starfa á innlendum vinnumarkaði og Evrópska efnahagssvæðinu.

Á grundvelli laganna gefur Vinnumálastofnun út atvinnuleyfi til handa þeim útlendingum sem þess þurfa og hefur stofnunin eftirlit með því að útlendingar á innlendum vinnumarkaði starfi í samræmi við löginn. Ríkisborgarar ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi til starfa hér á landi. Atvinnuleyfi skiptast í sjö flokka eftir því hvort dvöl viðkomandi grundvallast á atvinnuþátttöku hér á landi, vegna náms, sérstakra ástæðna, íþrótta, fjölskyldutengsla við landið eða sérstakra tengsla.

Á liðnu ári bárust **3289 umsóknir** um atvinnuleyfi. Þar af voru veitt atvinnuleyfi **3.019** samanborið við 4.425 veitt leyfi á árinu 2023. Nemur það um **32% samdrætti** í leyfisveitingum frá fyrra ári. Samdráttinn má m.a. rekja til lagabreytinga sem tóku gildi í júní 2023 þar sem rýmkað var undanþáguákvæði 22. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga þar sem handhafar dvalarleyfa á grundvelli mannúðarsjónarmiða og sérstakra tengsla voru gerðir undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi. Þá tók breytingin einnig til maka erlendra sérfræðinga með atvinnuleyfi sem slíkir. Auk fyrrnefndra breytinga voru gerðar breytingar á hámarksgildistíma nýrra og framlengdra atvinnuleyfa, hámark starfshlutfalls námsmanna aukið í 60% og heimildir til fjölskyldusameiningar rýmkaðar. Samdráttinn má einnig rekja til fjölgunar umsókna um atvinnuleyfi á grundvelli skorts á vinnuafli og vegna sérfræðipækkingar en úrvinnsla slíkra umsókna krefst almennt meiri gagnaöflunar og umsýslu en önnur atvinnuleyfi. Þá hefur orðið aukning í fjölda stórra eftirlitsmála sem hafa krafist mikils tíma og athygli stofnunarinnar.

3.289

umsóknir um bárust um atvinnuleyfi árið 2024

3.019

atvinnuleyfi veitt
árið 2024

32%

Samdráttur
á milli ára

4.425


atvinnuleyfi veitt
árið 2023

Af nýjum atvinnuleyfum voru flest leyfi veitt til erlendra námsmanna, vegna sérfræðipækkingar og svo á grundvelli skorts á vinnuafli. Mest var aukning í umsóknum námsmanna eða um 22 %. Aukninguna má einkum rekja til rýmri heimildar námsmanna til dvalar hér á landi að loknu námi en erlendir námsmenn sem ljúka námi geta óskað eftir dvalarleyfi til allt að þriggja ára á meðan þeir leita starfs í samræmi við þekkingu sína.


Á árinu 2024 voru flest atvinnuleyfi veitt vegna starfa í heilbrigðisgreinum, félagsþjónustu og hjá menntastofnunum en þar á eftir vegna verslunarstarfa s.s. afgreiðslu í stórmörkuðum og svo vegna sérfræðistarfa í lífvísindum.




Yfirlit yfir afgreiðslu atvinnuleyfa



Yfirlit yfir útgáfu nýrra leyfa




Þjóðerni veitt atvinnuleyfi



Atvinnugreinar - öll veitt leyfi árið 2024

2017 2018 2019 2020 2021 2022 2023 2024



Útsendir starfsmenn og erlendir þjónustuveitendur

Vinnumálastofnun hefur umsjón með að framfylgja lögum nr. 45/2007 um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda og lögum nr. 139/2005 um starfsmannaleigur.

Markmið laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja og um starfsmannleigur er m.a. að öll slík fyrirtæki sem starfa hér á landi séu skráð til stofnunarinnar og þannig sé unnt að tryggja að erlendir starfsmenn njóti starfskjara sem gilda á Íslandi, stuðla að jafnri samkeppnisstöðu íslenskra og erlendra fyrirtækja sem og að sporna við félagslegum undirboðum á vinnumarkaði.


Vinnumálastofnun birtir á vef sínum lista yfir þau fyrirtæki sem skráð eru hjá stofnuninni í samræmi við lög. Öðrum en þeim sem fullnægt hafa upplýsingaskyldu sinni hjá Vinnumálastofnun er óheimilt að veita hér þjónustu sem fellur undir fyrrgreind lög.

Vinnumálastofnun heldur úti sérstökum vef um réttindi og skyldur starfamannleigna og erlendra þjónustufyrirtækja, www.posting.is.


Virgni og umsvif fyrirtækja sem starfa á grundvelli þessara laga taka gjarnan mið af árstíðabundnum sveiflum í mannaflafrekum atvinnugreinum og efnahagssveiflum á hverjum tíma.

Starfsmannaleigur	Fjöldi	Þjónustufyrirtæki	Fjöldi
Pólland	609	Litháen	201
Litháen	394	Pólland	139
Lettland	232	Lettland	129
Rúmenía	106	Þýskaland	87
Ungverjaland	64	Rúmenía	86
Annað	163	Portúgal	50
Samtals	1.568	Ungverjaland	48
		Austurríki	47
		Belarús	45
		Annað	331
		Samtals	1.163

Starfsmannaleigur og erlend þjónustufyrirtæki



Erlend þjónustufyrirtæki



Eftirlit

Eftirlit er markvisst með það að markmiði að tryggja fyrirmyndarþjónustu, áreiðanleika í afgreiðslu og hagkvæma nýtingu fjármuna.

Stafvæðing hefur gengið afar vel á síðustu árum og árið 2025 verður nýtt tölvukerfi Ábyrgðasjóðs launa, Björg, tekið í notkun. Í kjölfar árangurs sem náðst hefur við stafvæðingu þeirra sjóða sem stofnunin ber ábyrgð á hefur verið ráðist í markvissar innheimtuaðgerðir vegna uppsafnaðra ofgreiddra atvinnuleysisbóta frá 2020 til 2024. Ofgreiðslur má m.a. rekja til tímabundinna uppfærslna á tölvukerfum og mikils álags á þjónustuna vegna heimsfaraldurs. Með stafvæðingu hefur verið hægt að einfalda og stytta alla ferla, þar með talið innheimtuferil vegna ofgreiðslna.

Eftirlitsáætlun stofnunarinnar byggir nú á þremur varnarlínum:

- Fyrsta varnarlína felst í forvirku og fyrirbyggjandi eftirliti sem ætlað er að koma í veg fyrir brot á reglum sjóðanna,
- Önnur varnarlína snýr að hefðbundnu skrifborðseftirliti þar sem afgreiðsla einstakra mála er yfirfarin með reglulegum hætti.
- Þriðja varnarlína felur í sér eftir-á greiningu og úrvinnslu sem tryggir stöðuga yfirferð gagna og framkvæmdar.

Á árinu 2024 voru framkvæmdar 22 samkeyrslur af hálfu Atvinnuleysistryggingasjóðs við ýmsa gagnagrunna, svo sem Fangelsismálastofnun, Skattinn og menntastofnanir vegna námsmanna. Í kjölfarið fengu 2.294 einstaklingar beiðni um að skila inn frekari gögnum. Hjá Fæðingarorlofs-sjóði voru framkvæmdar mánaðarlegar samkeyrslur við Skattinn sem leiddu til endurkrafna í 720 tilvikum. Slíkar samkeyrslur verða áfram mikilvægur þáttur í eftirlitsstarfi stofnunarinnar.

Áfram er unnið að því að færa alla eftirlitsþætti samkvæmt eftirlitsáætlun í sérstakt vöruhús gagna sem auðveldar yfirsýn, greiningu og ákvarðanatöku. Með tilkomu island.is hefur umsýsla einfaldast verulega og gert eftirlit skilvirkara og markvissara. Í samræmi við það mun sértækum eftirlitsaðgerðum, sem byggja á áhættugreiningum, fjölga jafnt og þétt.

Í tengslum við forvarnir og virkniþjónustu var komið á laggirnar tveimur nýjum örnámskeiðum fyrir atvinnuleitendur á árinu. Markmiðið með þeim er að styrkja atvinnuleitendur með fræðslu um tækifæri og möguleika á vinnumarkaði. Boð voru send til allra atvinnuleitenda um þátttöku í öðru hvoru námskeiðinu.

Vettvangseftirlit

Virkt vettvangseftirlit er liður í öðru eftirliti með málaflokkum stofnunarinnar. Fulltrúar stofnunarinnar sinna vettvangseftirliti á vinnusvæðum og starfsstöðvum fyrirtækja. Markmið eftirlitsferða er einkum að leita upplýsinga um starfsemi erlendra aðila og starfsmannaleiga hér á landi sem er tilkynningarskyld til Vinnumálastofnunar. Þá hefur stofnunin eftirlit með störfum erlendra ríkisborgara sem þurfa atvinnuleyfi til starfa hér á landi.

Vettvangseftirlit stofnunarinnar er gjarnan framkvæmt í samstarfi við aðrar eftirlitsstofnanir eins og Vinnueftirlitið, Skattinn og lögreglu eða með fulltrúum vettvangseftirlits stéttarfélaganna.

Um áramótin 2024/2025 fluttist eftirlit með starfsmannaleigum og erlendum þjónustuveitendum yfir til Vinnueftirlits Ríkisins.



Greiðslustofa

- Á árinu var meðaltal nýrra umsókna í mánuði 1.394 umsóknir.
- Meðaltal afgreiddra umsókna í mánuði voru 1.269 umsóknir.
- Meðal afgreiðslutími umsókna var 24 dagar.
- Meðalfjöldi fylgiskjala voru 3.145 skjöl á mánuði.
- 1.905 aðilar fengu send erindi vegna ótilkynntra tekna.
- 230 aðilar fengu send erindi vegna ótilkynnts náms.
- 146 aðilar fengu send erindi vegna ótilkynntra fjármagnstekna.
- 179 beiðnir um gögn eða greinargerðir bárust á árinu frá úrvel.
- 138 beiðnir um rökstuðning voru afgreiddar á árinu.

Ábyrgðasjóður launa

- Árið 2024 voru greiddar 1.551 milljónir úr sjóðnum.
- Umsóknir og umsvif sjóðsins voru svipuð milli ára.
- Heildargreiðslur sjóðsins vegna þrotabúa árið 2024 námu 1.551 m.kr en voru 1.600 m.kr. árið áður.
- Tekjur vegna úthlutana úr þrotabúum voru um 123,6 m.kr. til sjóðsins árið 2024 en voru 70.2 m.kr. árið 2023.



Tímabundinn stuðningur til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavík

Þann 27. nóvember 2023 voru samþykkt á Alþingi lög um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ. Vinnumálastofnun var falið að annast framkvæmd laganna. Þann 8. febrúar var gildistími úrræðisins framlengdur til og með 30. júní 2024. Þann 22. júní 2024 var gildistími úrræðisins aftur framlengdur og var úrræðið í gildi til og með 31. ágúst 2024.

Opnað var á umsóknir fyrir launþega og sjálfstætt starfandi þann 1. desember 2023 vegna tímabilsins 11.- 30. nóvember 2023. Afgreiðslur þessara umsókna hófust þann 8. desember 2023.

Þann 18. desember 2023 opnaði fyrir umsóknir atvinnurekenda fyrir tímabilið 11.- 30. nóvember 2023. Afgreiðslur á umsóknum til atvinnurekenda hófust þann 21. desember 2023.

Opnað var fyrir umsóknir atvinnurekenda vegna tímabilsins 1. – 31. júlí 2024 þann 15. ágúst 2024. Úrræðið var í gildi til 31. ágúst 2024 og er nú lokið.

Heildar útgreiðslur launa vegna náttúruhamfara námu 4.093.993.013 kr.

Greiðslur vegna náttúruhamfara í Grindavík

	Fjöldi umsókna greiddar	Fjöldi kt. á bakvið	Fjöldi fyrirtækja á bakvið
Sjálfstætt starfandi	101	17	
Launþegar	1.497	298	49
Atvinnurekendur	9.755	1615	83
Samtals	11.353		

Heildar útgreiðslur námu 4.093.993.013 kr. Sjá nánari sundurliðun hér:

	Heildargreiðslur
Atvinnurekendur	3.312.642.875 kr.
Launþegar og sjálfstætt starfandi	781.350.138 kr.
Samtals	4.093.993.013 kr.

Fæðingarorlofssjóður

Vinnumálastofnun sér um reikningshald og daglega umsjón Fæðingarorlofssjóðs sem staðsettur er á Hvammstanga. Fæðingarorlofssjóður annast greiðslur til foreldra sem réttinda njóta til greiðslu í fæðingarorlofi en auk þess annast sjóðurinn greiðslu fæðingarstyrkja til foreldra sem eru utan vinnumarkaðar og/eða í námi. Þá annast starfsfólk Vinnumálastofnunar á Hvammstanga greiðslur til foreldra sem rétt eiga til sorgarleyfis eða sorgarstyrks, greiðslur ættleiðingarstyrkja til foreldra sem hafa ættleitt barn og endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veittrar fjárhagsaðstoðar samkvæmt 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Árið 2024 hélt vinna við stafvæðingu Fæðingarorlofssjóðs áfram í samvinnu við verkefnastofu um Stafrænt Ísland. Mikill meirihluti verðandi foreldra nýtti sér stafræna umsóknarferlið en í lok árs 2024 var fjöldi rafrænna umsókna í kringum 92%.

Eftirliti var sinnt í samræmi við ákvæði laga nr. 144/2020 en með því er m.a. tryggt að foreldrar fái ekki hærri greiðslur í fæðingarorlofi eða fæðingarstyrk en þeim ber skv. ákvæðum laganna.

Í janúar 2024 var skrifað undir nýjan leigusamning við Kaupfélag Vestur-Húnavetninga (KVH) um áframhaldandi leigu til næstu 10 ára. Jafnframt samþykkti KVH að fara í breytingar á skrifstofunni og munu framkvæmdir hefjast í janúar 2025.

Í júní 2024 var samþykkt á Alþingi að hámarksgreiðslur til foreldra barna sem fæddust til og með 31. desember 2024 hækkuðu úr 600.000 kr. í 700.000 kr. Tök breytingin gildi frá og með 1. apríl 2024.



Nýting foreldra á rétti til fæðingarorlofs 2007 - 2024

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023*	2024*
Mæður (Fjöldi)	4.555	4.809	4.965	4.817	4.406	4.406	4.181	4.249	3.986	3.890	3.915	4.096	4.271	4.353	4.714	4.257	4.150	4.155
Umsóknir feðra sem % af umsóknum mæðra	89%	90%	86%	84%	80%	78%	78%	81%	81%	83%	86%	89%	90%	90%	90%	92%	91%	85%
Meðaldagafjöldi feðra	101	101	98	92	86	80	81	88	88	88	90	91	91	115	132	131	124	102
Meðaldagafjöldi mæðra	181	178	178	179	179	178	180	182	178	180	180	181	179	181	213	218	218	215
Fjöldi feðra yfir grunnrétti	21%	23%	20%	17%	15%	13%	14%	14%	13%	14%	15%	15%	15%	15%	7%	6%	6%	12%
Fjöldi mæðra yfir grunnrétti	93%	93%	93%	95%	96%	96%	96%	96%	96%	97%	96%	96%	96%	95%	78%	81%	83%	78%
Fjöldi feðra undir grunnrétti	16%	22%	19%	27%	31%	34%	35%	34%	34%	32%	32%	30%	31%	33%	81%	82%	84%	86%
Fjöldi mæðra undir grunnrétti	2%	1%	1%	1%	1%	2%	1%	1%	1%	1%	1%	1%	1%	1,5%	7%	7%	6%	7%

*Bráðabirgðatölur

Fæðingarorlofsgreiðslur flokkaðar eftir fjölda og kyni 2007 - 2024

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023*	2024*
Fjöldi lifandi fæddra barna	4.560	4.835	5.026	4.907	4.492	4.533	4.326	4.375	4.129	4.034	4.071	4.228	4.452	4.512	4.879	4.391	4.315	4.311

Feður orlof/styrkir	6.258	6.677	6.776	6.424	5.781	5.797	5.810	5.831	5.589	5.239	5.425	5.867	6.383	6.620	7.448	7.764	7.565	7.567
Mæður orlof/styrkir	7.148	7.446	7.696	7.652	7.224	6.992	6.926	6.824	6.656	6.356	6.437	6.736	7.113	7.307	7.812	7.880	7.642	7.654
Samtals orlof/styrkir	13.406	14.123	14.472	14.076	13.005	12.789	12.736	12.655	12.245	11.595	11.862	12.603	13.496	13.927	15.260	15.644	15.207	15.221

Fæðingarorlofsgreiðslur m. kr.	8.018	9.526	10.268	9.250	8.106	7.905	8.294	8.801	9.103	9.130	10.591	12.291	14.530	16.355	20.200	22.479	22.627	25.030
Meðalfjöldi pr. mánuð	4.400	4.700	4.770	4.650	4.326	4.178	4.077	4.017	4.047	3.860	3.967	4.223	4.566	4.807	5.487	5.918	5.651	5.750
Meðalupph. í millj. pr. mánuð	670	800	856	771	676	657	695	731	759	761	883	1.024	1.211	1.363	1.685	1.873	1.886	2.085

*Bráðabirgðatölur

Þróunar- og tæknisvið

Innan Þróunar- og tæknisviðs starfa fjórar einingar:

Verkefnastofa
Gæða- og skjalamál
Upplýsingatæknideild
Greiningardeild

Á árinu 2024 sinnti sviðið einkum þjónustu til annarra sviða og eininga. Unnið var að því að auka framboð gagna- og tölfræðigreininga til að bregðast við aukinni eftirspurn. Á árinu var stofnuð verkefnastofa til að annast ýmis verkefni stofnunarinnar og þá voru gæðamál flutt alfarið undir sviðið vegna jákvæðra samlegðaráhrifa. Sviðið er því nú betur til þess fallið að takast á við þau fjölbreyttu verkefni og auknu kröfur sem gerðar eru til stofnunarinnar.

Verkefnastofa

Á liðnu ári var stofnuð verkefnastofa, sem fæst við verkefni sem krefjast sérstakrar verkefnastýringar þvert á deildir og í samstarfi við sérfræðinga innan stofnunarinnar. Í málaflokki fólks með mismikla starfsgetu voru kynnt til leiks tvö ný verkefni. Færni á vinnumarkaði sem snýr að atvinnutengdum námstækifærum og Unndís sem ætlað er að fjölga hlutastörfum fyrir einstaklinga með mismikla starfsgetu. Undir sama málaflokk fellur verkefnið Birta, sem snýr að breytingum á örorkukerfinu.

Þá sér deildin um þróun og samskipti við ytri samstarfsaðila forvinna við leit að nýjum skjalavistunarkerfi, auk þess sem stafvæðing og þróun á „Mínar síður“ Ábyrgðasjóðs launa hélt áfram. Þá var unnið ávinningamat á innleiðingu nýrra kerfa fyrir Ábyrgðasjóðinn og tölvukerfi sem heldur utan um einstaklinga með mismikla starfsgetu. Áfram var unnið að viðbragðsáætlunum. Bæði tengt rekstri sjóða og greiðslna, en einnig vegna áhrifa mögulegra eldgosa á umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Gæðamál

Deild um gæðamál fluttist undir sviðið á árinu og þar með öryggis- og skjalastjórnun. Á árinu kláraðist þarfagreining fyrir nýtt skjalakerfi. Níu tonn af pappírsskjölum fóru í eyðingu og tekið var skref fram á við í faglegri skjalavörslu og skjalastjórn. Hluti af tíma skjalastjóra fór jafnframt í að sitja í Þjónustueigendaráði Microsoft lausna ríkisins og í faghópi þeirra lausna. Þá er alþjóðleg samvinna á sviði gæðamála hluti af starfi deildarinnar. Undir slíkt samstarf fellur undirbúningur fyrir Bench-learning gæðaúttekt og tengingar við samtök evrópskra vinnumiðlana.

Upplýsingatækni

„Ertu búin/n/ið að prófa að kveikja og slökkva á tölvunni?“. Að undanskildum hefðbundnum hlutverkum við það að aðstoða starfsmenn við tæknilega erfiðleika, voru viðfangsefni deildarinnar fjölbreytt. Sett var upp nýtt verkbeidnakerfi, ný skrifstofa sett upp á Ísafirði og tilfærsla varð á úrræðum tengdum umsækjendum um alþjóðlega vernd. Færslur af gömlum gagnapjónum yfir á nýja voru tímafrekar og unnið var að endurnýjun á samningi vegna prentlausna, til samræmis við lausnir á þjónustuskrifstofum. Unnið var að yfirfærslu á verkefnum yfir til Vinnueftirlitsins og þá kom deildin að því að flytja gamla vefinn yfir á [Ísland.is](#) og bæta skjölun. Þátttaka í starfshóp um Þjónustugátt vegna hönnunar kerfis í samvinnu við Tryggingastofnun var töluverð en ný lög um þjónustu við öryrkja taka gildi á haustmánuðum 2025. Hluti af störfum deildarinnar felst einnig í öryggismálum ásamt því að styðja við ytri aðila.

Greiningardeild

Í grunninn má flokka verkefni deildarinnar í þrjá hluta; gagnapróun stofnunarinnar, greiningar á gögnum og samstarf við ytri aðila.

Deildin sér um útgáfu mánaðarskýrslu og aðrar skýrslur um stöðu á vinnumarkaði og vinnur gögn fyrir ársskýrslu. Einnig vinnur deildin að gerð spálíkana um þróun vinnumarkaðar og að almennum rannsóknum um stöðu Íslands í samanburði við önnur lönd.

Samstarf við ytri aðila felur bæði í sér samstarf við innlendar stofnanir en ekki síður við erlenda samstarfsaðila. Innanlands er töluvert um gagnasamskipti við ráðuneyti, bæði fjármálaráðuneyti og félags- og húsnaðismálaráðuneyti, en einnig við Hagstofuna og Seðlabanka Íslands. Erlent samstarf felst m.a. í norrænu samstarfi um stöðu hagkerfis og vinnumarkaðar, Bench – learning samstarf við systurstofnanir VMST í Evrópu (PES), greiningar fyrir OECD og gagnavinnslu vegna skila til EUAA.

Á síðasta ári var einnig stigið stórt skref í rauntímamælingum með þátttöku í Þjónustukönnun ríkisins sem munu nýtast innanhúss til að bæta enn frekar markvissa þjónustu stofnunarinnar til þeirra sem hana sækja.

Fjármálasvið

Opinber reikningsskil Vinnumálastofnunar eru samkvæmt viðurkenndum bókhalds- og reikningsskilareglum og fara eftir IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) reikningsskilastaðlinum.

Á árinu 2024 voru þau verkefni sem Vinnumálastofnun ber ábyrgð á flokkuð í 10 fjárlagaliði, en þeir eru auk samstæðureksturs Vinnumálastofnunar,


Atvinnuleysistryggingasjóður,
Ábyrgðasjóður launa,
Fæðingarorlofssjóður,
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga,
Starfsendurhæfing,
Vinnumál og verndaðir vinnustaðir,
Umsækjendur um alþjóðlega vernd,
Sorgarstyrkur og
Greiðslur vegna heilbrigðis- og náttúruvár (því verkefni lauk í árslok).

Vinnumálastofnun

Á árinu 2024 námu sértekjur Vinnumálastofnunar 1.635,9 m.kr. Umsýslutekjur frá Atvinnuleysistryggingasjóði voru 873,4 m.kr., Ábyrgðasjóði launa 72,7 m.kr. og Fæðingarorlofssjóði 153,9 m.kr. Framlag úr ríkissjóði nam 798,6 m.kr. og tekjufærsla frestaðra tekna um 60,9 m.kr., heildartekjur voru 3.595,4 m.kr.

Heildarútgjöld Vinnumálastofnun voru 3.610,6 m.kr. og voru afskriftir og niðurfærsla eigna um 60,9 m.kr. Rekstrarhalli var af rekstri stofnunarinnar um 14,5 m.kr. sem kemur til vegna breytinga á vinnustund úr 40 stundum í 36 stunda vinnuviku sem hafði áhrif á orlofsskuldbindingu í rekstrarreikningi stofnunarinnar í árslok.

Rekstrargjöld á árinu 2024 skiptast þannig: Laun og launatengdgjöld námu 2,865,5 m.kr., eða um 81% af útgjöldum stofnunarinnar, ferða- og fundakostnaður um 61,6 m.kr., rekstrarvörur 62,5 m.kr., aðkeypt sérfræðiþjónusta sem m.a. er kostnaður vegna upplýsingatækni og hugbúnaðar nam 391,8 m.kr., eða um 11% af heildarútgjöldum ársins, húsnæðiskostnaður var um 165,5 m.kr. eða 5% og aðrir rekstrarliðir um 0,3 m.kr.




Stærsti liður í rekstri Vinnumálastofnunar voru laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður eða um 81% af heildarrekstri stofnunarinnar. Meðalstöðugildi á árinu voru 218,4. Heildarkostnaður vegna þess á árinu 2024 nam 2.882,7 m.kr. Hér má sjá skiptingu launa- og starfsmannakostnaðar eftir starfseiningum Vinnumálastofnunar.

Á árinu 2024 nam annar rekstrarkostnaður um 664,6 m.kr. eða um 29% af útgjöldum stofnunarinnar. Kostnaður vegna tölvukerfa, hugbúnaðar og því tengdu var um 318,8 m.kr. en innleiðing og þróun á Galdri var stærsti útgjaldaliðurinn eða um 150,0 m.kr. Hér má sjá skiptingu annars rekstrarkostnaðar að frádregnum kostnaði vegna tölvukerfa og hugbúnaðar, niður á starfseiningar Vinnumálastofnunar.

Heildarkostnaður vegna launa- og starfsmannakostnaðar árið 2024 nam

2.882,7 m.kr.

Launa- og starfsmannakostnaður ásamt rekstrarkostnaði árið 2024



Atvinnuleysistryggingasjóður

Útgreiðslur atvinnuleysisbóta úr Atvinnutryggingasjóði á árinu 2024 námu um **29.242,0 m.kr.** en voru um **23.738,6 m.kr.** á árinu 2023, hækkun nemur um 23% á milli ára. Hækkun á greiðslum milli ára skýrist af því að meðalatvinnuleysi á árinu 2024 var 3,5% en 3,25% 2023.

Greiðslur til fyrirtækja með ráðningastyrk námu **882,8 m.kr.** á árinu 2024 en voru **1.178,1** á árinu áður og hafa lækkað um 33% á milli ára. Lækkunin skýrist af fjölgun starfstækifæra á almennum vinnumarkaði.

Á árinu greiddi Atvinnuleysistryggingasjóður **873,4 m.kr.** í umsýslukostnað til Vinnumálastofnunar vegna kostnaðarhlutdeildar í sam-eiginlegri skrifstofufþjónustu.

Útgjöld sjóðsins á árinu vegna kaupa á námskeiðum og ýmsum úrræðum voru **414,3 m.kr.** en **408,9 m.kr.** á árinu áður.

Styrkir til fiskvinnslustöðva vegna hráefniskorts námu um **88,9 m.kr.**


Framlög og styrkir til Atvinnumála kvenna námu **33,1 m.kr.** og rekstrarkostnaður verkefnisins var um **3,6 m.kr.**

Heildarútgjöld

atvinnuleysistryggingasjóðs námu

32.075,5 m.kr.

Greiddar atvinnuleysisbætur 2022 - 2024



Ábyrgðasjóður launa

Heildarútgjöld Ábyrgðarsjóðs launa lækkuðu um 3,1% milli áranna 2023 og 2024. Greiðslur sjóðsins vegna þrotabúa á árinu 2024 námu 1.477,3 m.kr. en voru 1.528,0 m.kr. árið áður sem er lækkun um 50,7 m.kr. á milli ára.

Umsýslukostnaður til Vinnumálastofnunar fyrir sameiginlega skrifstofuþjónustu var 72,7 m.kr. árið 2024 en 71,5 m.kr. árið áður. Innborgun tekna vegna úthlutana úr þrotabúum voru 123,6 m.kr. til sjóðsins á árinu 2024 en voru 70,1 m.kr. árið 2023.

Heildarútgjöld sjóðsins námu
1.551,0 m.kr.

Fæðingarorlofssjóður

Útgjöld Fæðingarorlofssjóðs til fæðingarorlofs og fæðingarstyrkja árið 2024 námu samtals um 24.970,8 m.kr. en voru 22.596,1 m.kr. árið áður. Útgreiðsla fæðingarorlofs nam 24.423,7 m.kr. en var 22.028,3 m.kr. árið 2023 og fæðingarstyrkir námu 547,1 m.kr. en voru 567,8 m.kr. árið 2023. Fæðingarstyrkir eru greiddir til einstaklinga með starfshlutfall lægra en 25%, námsmanna og einstaklinga utan vinnumarkaðar. Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri skrifstofuþjónustu Vinnumálastofnunar var 155,7 m.kr. árið 2024 en var 151,0 m.kr. árið áður.


Heildarútgjöld sjóðsins námu
25.117,9 m.kr.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga


Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga er atvinnuleysistryggingasjóður sjálfstætt starfandi bænda, smábátaeigenda og vörubílstjóra.

Heildarútgjöld sjóðsins námu
0,4 m.kr.


Útgjöld ábyrgðarsjóðs launa árið 2024 og 2023 (M.kr.)



Útgjöld fæðingarorlofssjóðs árið 2024 og 2023 (M.kr.)



Útgjöld ábyrgðarsjóðs launa árið 2024 og 2023 (M.kr.)



Starfsendurhæfing

Fjárlagaliðnum Starfsendurhæfing er ætlað að tryggja einstaklingum með skerta starfsgetu atvinnu- tengda starfsendurhæfingu í kjölfar veikinda eða slysa.

Útgjöld vegna verkefnisins á árinu 2024 voru
323,5 m.kr.

Vinnumál




Vinnusamningar öryrkja eru endurgreiðslusamningar við atvinnurekendur sem ætlaðir eru til þess að auka tækifæri atvinnuleitenda með skerta starfsgetu á almennum vinnumarkaði en það er fjölbreyttur hópur með ólíkar þarfir.

Heildarútgjöld verkefnisins á árinu 2024 voru
1.716,9 m.kr.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Útgjöld vegna umsækjendum alþjóðlega vernd snúa að framfærslu þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi á meðan á umsóknaferlinu stendur yfir. Fjöldi umsókna um alþjóðlega vernd á árinu 2024 voru 1.932 en 4.159 á árinu 2023. Dregið hefur verulega úr umsóknum á milli ára og umsóknatíminn styst.

Heildarútgjöld fjárlagaliðarins á árinu 2024 voru
10.599,5 m.kr.




Sorgarleyfi

Sorgarleyfi á fjárlögum er verkefni sem Vinnumálastofnun tók við 1. janúar 2023. Sorgarleyfi eru greiðslur sem ætlaðar eru foreldrum á vinnumarkaði sem verða fyrir því að missa barn yngra en 18 ára.

Heildarútgjöld sjóðsins á árinu 2024 námu
115,2 m.kr.

Útgjöld vegna sorgarleyfa árið 2024 og 2023 (M.kr.)





Greiðslur vegna heilbrigðis- og náttúruvár

Greiðslur vegna heilbrigðis- og náttúruvár eru vinnumarkaðsstuðningur, tímabundinn stuðningur vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ. Lögin tóku gildi 11. nóvember 2023 en verkefninu lauk formlega í nóvember 2024.

Heildarútgjöld á árinu 2024 voru
4.101,5 m.kr.

Útgjöld vegna heilbrigðis- og náttúruvár árið 2024 og 2023 (M.kr.)



Stjórnarhættir

Vinnumálastofnun heyrir undir félags- og húsnæðismálaráðuneytið og fer m.a. með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu og daglega afgreiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs, Fæðingarorlofssjóðs, Ábyrgðasjóðs launa auk fjölmargra annarra vinnumarkaðstengdra verkefna.

Félags- og húsnæðismálaráðherra skipar tíu manna stjórn Vinnumálastofnunar, að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn, sem skulu hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Einnig skipar ráðherra sjö manna svæðisbundin vinnumarkaðsráð sem skulu vera hlutaðeigandi þjónustustöð Vinnumálastofnunar til ráðgjafar um skipulag og val á vinnumarkaðsúræðum.

Yfirstjórn Vinnumálastofnunar

- Unnur Sverrisdóttir – Forstjóri
- Laufey Gunnlaugsdóttir – Sviðsstjóri Ráðgjafarsviðs
- Gísli Davíð Karlsson – Sviðsstjóri Þróunar- og tæknisviðs
- Helga Hassing – Sviðsstjóri Fjármála – og rekstrasviðs
- Leó Örn Þorleifsson – Sviðsstjóri Réttindasviðs
- Svava Júlía Jónsdóttir – Sviðsstjóri Þjónustusviðs
- Íris Halla Guðmundsdóttir – Sviðsstjóri Fjölmenningsviðs


Stjórn Vinnumálastofnunar

- Huginn Freyr Þorsteinsson - Án tilnefningar, formaður
- Lilja Birgisdóttir - Án tilnefningar, varaformaður
- Halldór Oddsson - Tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands
- Guðbjörg Kristmundsdóttir - Tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands
- Andri Valur Ívarsson - Tilnefndur af Bandalagi háskólamanna
- Hrannar Már Gunnarsson - Tilnefndur af BSRB
- Guðný Einarsdóttir - Tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneyti
- Sólveig B. Gunnarsdóttir - Tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins
- Jón Rúnar Pálsson - Tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins



Yfirstjórn Vinnumálastofnunar
Efri röð frá vinstri: Laufey Gunnlaugsdóttir, sviðsstjóri Ráðgjafarsviðs, Gísli Davíð Karlsson, sviðsstjóri Þróunar- og tæknisviðs, Helga Hassing, sviðsstjóri Fjármála – og rekstrasviðs, Leó Örn Þorleifsson, sviðsstjóri Réttindasviðs. Neðri röð frá vinstri: Svava Júlía Jónsdóttir, sviðsstjóri Þjónustusviðs og Unnur Sverrisdóttir, forstjóri. Á myndina vantar Írisi Höllu Guðmundsdóttur, sviðsstjóra Fjölmenningsviðs.

Skipurit Vinnumálastofnunar árið 2024





Ágúst 2025